

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Voltaren 23,2 mg/g hlaup

díklófenaktvíetýlamín

ATH sama lyf og Voltaren Forte

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Voltaren og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Voltaren
3. Hvernig nota á Voltaren
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Voltaren
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Voltaren og við hverju það er notað

Voltaren tilheyrir flokki bólgueyðandi gigtarlyfja sem ekki eru sterar (NSAID). Voltaren dregur úr bólgu og er verkjastillandi.

Þú getur notað Voltaren við verkjum, eymslum og þrota í liðum og vöðvum vegna bólgu.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

2. Áður en byrjað er að nota Voltaren

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Voltaren

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir díklófenaki eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með ofnæmi fyrir lyfjum sem notuð eru við verkjum, hita eða bólgu svo sem íbúprófeni eða asetýlsalisýlsýru (lyf sem einnig er notað til að koma í veg fyrir blóðtappa). Ef þú ert í vafa skaltu spyrja lækningurinn eða lyfjafræðing. Einkenni ofnæmisviðbragða geta verið: hvæsandi öndunarhljóð eða andnað (astmi), blöðruútbrot á húð eða ofsakláði, þroti í andliti eða tungu (ofnæmisbjúgur) eða nefkvef.
- ef þú ert á síðustu 3 mánuðum meðgöngu.
- ef þú ert yngri en 14 ára.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningnum eða lyfjafræðingi áður en Voltaren er notað.

- Þú mátt ekki bera hlaupið á skaddaða húð svo sem á skrámur, í opin sár eða á húð með útbrotum eða á exem. Stöðvaðu meðferðina ef þú færð útbrot á húð eftir að lyfið hefur verið borið á hana.
- Forðastu notkun á stór húðsvæði eða lengur en í samþykktan notkunartíma, nema að lækningin hafi ráðlagt það.
- Voltaren er eingöngu til notkunar á húð. Það má ekki taka inn. Þú mátt ekki gleypa það. Gættu þess að Voltaren berist ekki í augun. Ef það gerist skaltu skola augun vandlega með hreinu vatni. Leitaðu til lækisins eða lyfjafræðings ef óþægindi eru viðvarandi.
- Nota má spelku eða teygjubindi, sem venjulega eru notuð við áverkum svo sem tognunum, en hlaupið má ekki nota undir loftþéttar (plast) umbúðir.
- Voltaren getur haft áhrif á nýru, þó að það sé borið á húð.
- Ef þú tekur önnur lyf við verkjum (NSAID) er hættan á aukaverkunum meiri.
- Ef þú ert með eða hefur verið með astma eða ofnæmi getur Voltaren komið af stað viðbrögðum sem líkjast astmakasti.

Ef spurningar vakna skaltu leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en þú notar Voltaren.

Börn (yngri en 14 ára):

Takmarkaðar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um öryggi og verkun Voltaren hjá börnum og ungmennum yngri en 14 ára. Voltaren skal ekki nota handa börnum yngri en 14 ára.

Börn og unglingar (14 ára og eldri):

Vegna barna og unglunga 14 ára og eldri er ráðlagt að sjúklingurinn/foreldrar sjúklingsins leiti ráða hjá lækni ef lyfið er notað lengur en í 7 daga til að draga úr verkjum eða ef einkennin versna.

Notkun annarra lyfja samhliða Voltaren

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Þú mátt ekki nota Voltaren á síðustu þremur mánuðum meðgöngunnar þar sem það getur valdið skaða hjá ófæddu barni og valdið vandamálum í fæðingunni. Voltaren skal aðeins nota eftir læknisráði á fyrstu 6 mánuðum meðgöngunnar og nota skal eins litla skammta og hægt er og í eins skamman tíma og mögulegt er.

Lyfjaform til inntöku (t.d. töflur) af Voltaren geta valdið aukaverkunum hjá ófæddu barni. Ekki er vitað hvort sama áhætta á við um Voltaren þegar það er notað á húð.

Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni þar sem díklófenak berst í brjóstamjólk í litlu magni. Þó má hvorki bera Voltaren á brjóst sem gefið er úr né önnur stór húðsvæði eða í langan tíma.

Ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti skaltu hafa samband við lækni eða lyfjafræðing til að fá frekari upplýsingar.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Voltaren inniheldur própýlenglýkól (E1520) og bútýlhýdroxýtólúen (E321)

Lyfið inniheldur 50 mg af própýlenglýkóli (E1520) og 0,2 mg af bútýlhýdroxýtólúeni (E321) í hverju grammi hlaups.

- própýlenglýkól getur valdið húðertingu.

- **bútýlhýdroxýtólúen** getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu) eða ertingu í auga og slímhúðum.

Voltaren inniheldur ilmefni

Voltaren inniheldur ilmefni með bensýlalkóhóli, sítrónellóli, kúmaríni, d-límóneni, evgenóli, geraníóli og línalóli sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum.

3. Hvernig nota á Voltaren

Alltaf skal nota Voltaren nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Fullorðnir og börn 14 ára og eldri:

Berið hlaupið á auma svæðið 2 sinnum á sólarhring (helst að morgni og kvöldi).

Þannig er Voltaren hlaup borið á:

Túpa með skúftappa:

1. Skrúfaðu lokið af til að rjúfa innsiglið fyrir fyrstu notkun. Með bakhluta loksins er innsiglið rofið. Snúðu til að rjúfa innsigli túpunnar.
2. Þrýstu varlega litlu magni af hlaupi út úr túpunni og berðu hlaupið á auma eða bóligna svæðið með því að nudda því rólega inn í húðina. Magnið sem þarf fer eftir stærð auma eða bóligna svæðisins. Venjulega jafngildir nægilegt magn stærð kirsubers eða valhnetu. Þú finnur ef til vill fyrir kælandi áhrifum þegar hlaupinu er nuddað inn í húðina.

Túpa með smelluloki:



1. Notaðu einn finger, þumalinn, hliðina á höndinni eða borðkant til að opna smellulokið auðveldlega. Innsiglið sem er á hvorri hlið smelluloksins rofnar þegar að túpan er opnuð í fyrsta skipti. Athugaðu hvort að innsiglið sé rofið áður en lyfið er notað í fyrsta skipti.



2. Þrýstu varlega litlu magni af hlaupi út úr túpunni og berðu hlaupið á auma eða bóligna svæðið með því að nudda því rólega inn í húðina. Magnið sem þarf fer eftir stærð auma eða bóligna svæðisins. Venjulega jafngildir nægilegt magn stærð kirsubers eða valhnetu. Þú finnur ef til vill fyrir kælandi áhrifum þegar hlaupinu er nuddað inn í húðina.



3. Ef nauðsyn krefur skal fjarlægja umfram magn af hlaupi úr lokinu eftir notkun með pappír þar til að lokið er hreint og þurrt. Smellulokið lokast með því að þrýsta því niður með fingri, hliðinni á höndinni eða þrýsta því að borði þar til heyrir smellur. Haltu túpunni uppréttri þegar að þú opnar og lokar henni til að koma í veg fyrir leka.

Eftir notkun:

- Þurrkaðu hendurnar eftir notkun með rakadrægum pappír (t.d. eldhúspappír) og þvoðu síðan hendurnar, nema þú sért að meðhöndla hendurnar. Fleygðu pappírnum með heimilissorpi en ekki í klósettið til að koma í veg fyrir að lyfið fari út í frárennsliskerfið.
- Áður en umbúðir eða sáraumbúðir sem ekki eru loftþéttar eru settar á, skaltu leyfa hlaupinu að þorna á húðinni í nokkrar mínútur.
- Ef þú þarft að fara í sturtu eða bað skaltu bíða með að bera hlaupið á þar til því er lokið.

Ef of mikið hlaup er borið á skaltu þurrka umframhlaup af með pappírþurrku.

Voltaren

Voltaren er einungis til notkunar á húð.

Lengd notkunar Voltaren

Ekki má nota Voltaren lengur en í 2 vikur við áverka á vöðvum eða liðum (t.d. snúningur, tognun, marblettir) eða sinabólgu.

Læknirinn getur ráðlagt lengri meðferð.

Leitið til læknis ef verkir og bólga lagast ekki innan 7 daga eða ef einkenni versna.

Notkun hjá börnum yngri en 14 ára

Voltaren skal ekki nota handa börnum yngri en 14 ára.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af Voltaren hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími: 543-2222). Hafðu umbúðir lyfsins við höndina.

- Ef þú notar meira hlaup en þú ættir skaltu þurrka yfirmagn hlaups í burtu með klúti.
- Ef þú eða barn gleypir hlaupið skaltu strax hafa samband við lækinn.

Ef gleymist að nota Voltaren

Ef þú hefur gleymt að nota Voltaren tímanlega skaltu bera hlaupið á húðina þegar þú manst eftir því og halda síðan áfram eins og venjulega. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Nokkrar mjög sjaldgæfar aukaverkanir og aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir geta verið alvarlegar

Hættu að nota Voltaren og hafðu strax samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringdu e.t.v. í 112 ef þú færð einhver eftirfarandi ofnæmiseinkenna:

- Húðútbrot með blöðrumyndun, ofsakláði (getur komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 sjúklingum).
- Hvæsandi öndun, andnauð eða þreytutilfinning fyrir brjosti (astmi) (getur komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10.000 sjúklingum).
- Þroti í andliti, vörum, tungu eða koki (getur komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10.000 sjúklingum).

Aðrar aukaverkanir sem geta komið fram eru venjulega vægar, skammvinnar og skaðlausar (*segðu læknum eða lyfjafræðingi frá því ef þú hefur áhyggjur*).

Algengar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 sjúklingum):

- Húðútbrot, kláði, roði eða sviði í húð.

Koma örsjaldan fyrir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10.000 sjúklingum):

- Húðin getur orðið næmari fyrir sólarljósi. Hugsanleg einkenni eru flögnun vegna sólarljóss ásamt kláða, þroti og blöðrumyndun.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Voltaren

- **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.**
- Ekki skal nota Voltaren eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum og túpunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.
- Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Voltaren inniheldur

- Virka innihaldsefnið er díklófenaktvíetýlamín. Eitt gramm af hlaupi inniheldur 23,2 mg af díklófenaktvíetýlamíni.
- Önnur innihaldsefni (hjálparefni): bútýlhýdroxýtóluen (E321), karbómer, kókóýlkaprýlókapat, tvíetýlamín, ísóprópanól, paraffínolía, makrógólacetósterýleter, oleylalkóhól, própýlenglýkól (E1520), eukalyptusolía (bensýlalkóhól, sítrónellól, kúmarín, d-límónen, evgenól, geraníól, línalól), hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Voltaren og pakkningastærðir

Voltaren er hvítt til næstum hvítt, mjúkt, einsleitt, kremlíkt hlaup.

Lyfið er fáanlegt í 30 g, 50 g, 100 g og 150 g pakkningum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Haleon Denmark ApS
Delta Park 37
2665 Vallensbæk Strand
Danmörk

Framleiðandi

Haleon Denmark ApS
Delta Park 37
2665 Vallensbæk Strand
Danmörk

Samhliða innflutningur

Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.
Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júlí 2026.